

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Patreksfirði, miðvikudagur, 24. maí 2023

UST202305-230/E.K.E.

04.05

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa**

Vísað er til erindis nefndar- og greiningarsviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefndar), dags. 17. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 383. mál.

Umhverfisstofnun hefur áður veitt umsögn um framlagða tillögu, 158. mál sem flutt var á 151. löggjafarþingi og ítrekar stofnunin þær ábendingar sem þar koma fram. Fyrri umsögn stofnunarinnar fylgir þessu skjali.

Umhverfisstofnun tekur undir það að þörfin á skýrari umgjörð um málaflokkinn sé brýn. Samkvæmt [greiningu Ferðamálastofu](#) verður árið 2023 metár í komum skemmtiferðaskipa til Íslands og ekki eru sjáanleg teikn á lofti um að draga muni úr þeim. Það er óumdeilt að slíkum fjölda gesta geti fylgt áskoranir sem mikilvægt er að bregðast við, eins og fram kemur í greinargerð tillögunnar. Í því tilliti horfir Umhverfisstofnun m.a. til áhrifa á friðlýst svæði og í nýlegri [skýrslu um stöðu og áskoranir í bjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum](#) eru álagstoppar og landtökur utan hafna dregnar fram sem slíkar.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að stefna um móttöku skemmtiferðaskipa skuli m.a. ávarpa landtökur utan hafna og reynslu annara þjóða. Með vísan í það vekur Umhverfisstofnun athygli á nýlegri skýrslu um landtökur skemmtiferðaskipa við Grænland og Ísland sem stofnunin vann í samvinnu við fulltrúa frá Grænlandi og Glacier Bay þjóðgarðinum í Alaska. Í skýrslunni eru m.a. greindar helstu hindranir á því að sjálfbærni er varðar umferð skemmtiferðaskipa á verndarsvæðum í löndunum tveim verði náð. Í henni eru jafnframt settar fram tillögur í tíu liðum með leiðum að mögulegum úrbótum. Skýrslan var unnin í tengslum við formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni en eitt verkefna nefndarinnar sneri að sjálfbærri ferðamennsku í norðri. Hér má finna framsetningu á efni skýrslunnar í aðgengilegum [söguvef \(e. storymap\)](#) ásamt tengli á [skýrsluna](#) sjálfa

Umhverfisstofnun telur rétt að meta hvort þörf er á að lagaumgjörð verði bætt um landtöku utan hafna, tilkynningaskyldu um fyrirhugaðar siglingaleiðir, takmarkanir á siglingum, siglingar kafbáta frá farþegaskipum o.fl. Í nýlegu [svari umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra](#) við fyrirspurn á Alþingi kom fram að ráðherra hafi ákveðið að unnið verði frumvarp þar sem sett verði inn almenn heimild til stýringar eða takmörkunar á landtökum skemmtiferðaskipa í náttúruverndarlög.

Umhverfisstofnun styður að unnin verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa og ítrekar fyrri orð um mikilvægi þess að aðkoma þeirra ráðuneyta og stofnana sem að málaflokknum koma verði tryggð.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir,  
*lögfræðingur*

Edda Kristín Eiríksdóttir,  
*sérfræðingur*